



# Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

7. árgangur 9. tbl.

Október 2010

**Slysavarnir barna í sveitum  
og skyndihjálpi, sniðin að börnum.  
Námskeið 23. október,  
sjá nánar á baksíðu.**



Við sólarupprás í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 20. sept. 2010.

Ljósm.: khg

## Fréttir af starfinu.

Skógardagur skólans 29. september var nýttur í vinnu í skólalóðinni. Verkefnum var skipt niður á aldursskipta hópa sem hver og einn hafði ákveðinn starfsmann með sér. Markmið dagsins náðust nánast öll. Afraksturinn má sjá á lóðinni á bak við skólann. Þar eru nú tvær jafnvægisslár, fjórtán stólpur til að stika eftir, ræðupúlt í miðju hringpalls, bekkir í kofanum og góðar holur með skít í sem verða nýttar fyrir plöntur. Í lok vinnunnar voru bekkirnir nýttir á meðan sungið var af öllum kröftum. Margir skemmtu sér líka vel við að prófa jafnvægisslána og stólpana að lokinni vinnu. Það var almennt álit nemenda að þetta væru skemmtilegt leiktæki. Hluti dagsins var nýttur í fund með fulltrúa Landverndar sem var að meta skólann út frá grænfánaverkefninu og stóðu nemendur sig frábærlega þar. Sá fundur var tekinn upp og verður útvarpað af honum síðar á ríkisútvarpinu. Þrátt fyrir skúrir var dagurinn góður.

Hjóladagurinn tókst vel. Það var gott veður þrátt fyrir slæma spá. Hver námshópur fór sína vegalengd með einhverjum breytingum sem hentuðu í þetta skipti. Nemendur stóðu sig vel og réðu við sína leið. Yngstu voru í og við hverfið á meðan þau elstu fóru Steinsholtshringinn. Svo voru margar leiðir þar á milli í vegalengd.



Skemmtilegur skógardagur.

**Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn í september s.l. og það voru foreldrar 27 barna skólans sem mættu á fundinn.**

**Nýja stjórn foreldrafélagsins skipa nú:**

Matthildur E. Vilhjálmsdóttir, Norðurgarði, Sigurður Unnar Sigurðsson, Skarði, Benedikt Hjörvar Ingvarsson, Hlemmiskeiði, Ragnheiður Eggertsdóttir, Skeiðháholti, Dorothee Katrin Lubecki, Löngumýri.

Til vara eru Halla Sigríður Bjarnadóttir, Hæli, Marie Louise Fogh Schougaard, Ásólfstöðum. Skólinn þakkar fráfarandi fulltrúum í stjórn foreldrafélagsins fyrir samstarfið á undanförunum árum og býður nýja fulltrúa velkomna til samstarfs.

**Sömu fulltrúar eru áfram í skólaráði,** þ.e. Ann-Lisette Winter, Borgarkoti, Birkir Þrastarson, Hæli og til vara eru Jóna Sif Leifsdóttir, Hlemmiskeiði og Svala Bjarnadóttir, Fjalli. **Fulltrúi foreldra í skólanefnd** er Jóhanna Valgeirsdóttir, Brautarholti og Dorothee til vara og er þeim óskað velfarnaðar í störfum með nefndinni.

Það var auðvelt að fá fólk til að gefa kost á sér í hin ýmsu embætti og er það skemmtilegt þegar þannig tekst til. Sérstaklega er ánægjulegt fyrir skólann þegar foreldrar eru áhugasamir og viljugir í slíkt, því það styrkir skólann í heild að hafa foreldra með í starfinu. Með kærri kveðju. Ingibjörg María, skólastjóri.



Ritstjóri Fréttabréfsins var á ferð í blíðunni á sunnudaginn og stóðst ekki mátið að smella nokkrum myndum af aðstöðu nemenda utanhúss í Þjórsárskóla. Á efstu mynd er skemmtileg aðstaða sem útbúin var af nemendum sjálfum og kennurum sem verið er að leggja lokahönd á.



Á næstu mynd má vel sjá listasmíð barnanna á jafnvægisslánum og stólpunum. Svo eru það rólur og klifurgrindur sem eru nauðsynleg tæki á skólalóðum og mikið notuð af unga fólkinu. Og eins og áður hefur komið fram er Þjórsárskóli Grænánaskóli.



## ÞJÓRSDÆLA fundin!?

Kannski ekki alveg – en Ungmennafélag Gnúpverja hyggst setja á svið leikverk eftir Vilborgu Halldórsdóttur byggðu á örlagasögu þeirra Gauks Trandilssonar og Þuríðar á Steinastöðum. Æfingar hefjast í lok janúar á næsta ári og frumsýnt verður fyrir páska 2011. Nú þegar er kominn vísir að leikhópi kringum þetta verkefni – en okkur vantar fleiri áhugasama leikendur....

Leiklestur hefst sunnudaginn 31. október kl. 14:00 í Þjórsárskóla.

Vinsamlegast hafið samband fyrir þann tíma.

Upplýsingar veita þau Sigrún í Fossnesi sími 486-6079

[fossnes@uppsveitir.is](mailto:fossnes@uppsveitir.is)

Þóra í Haga sími 8472930 [ulli36@mi.is](mailto:ulli36@mi.is)

Eypór Brynjólfs sími 8971112 [eythorb@gmail.com](mailto:eythorb@gmail.com)



## Handavinnukvöld!

Við höfum tekið upp þráðinn að nýju og hittumst á handavinnukvöldum í bókasafninu Brautarholti.

Eins og áður er þetta á fimmtudagskvöldum um kl. 20:30

Allir eru hjartanlega velkomnir.

Fyrir hönd Kvenfélags Skeiðahrepps.

Helga Guðlaugs og Jóhanna Lilja



## Kvenfélagsbasarinn!

Kæru kvenfélagskonur!



Við stefnum á að halda okkar árlega basar laugardaginn 27. nóv. kl. 14:00.

Hann verður með örlitlu breyttu sniði. Kvenfélagskonur verða með handverksbás, matarbás og tombólu. Hver kona á að skila að lágmarki 4 hlutum fyrir félagið, handverki og/eða kökum, sultum eða þess háttar. Einnig má skila inn frjálssu framlagi fyrir tombóluna. Að auki verða básar fyrir þá sem hafa áhuga.

**Endilega hafið samband við Láru 847 5353 eða Þóru 893 7977.**

**Framkvæmdanefnd kvenf. Skeiðahr. Kvenfélagsbasarinn.**

Næsta fréttabréf kemur út miðvikudaginn 15. nóvember.

Skilafrestur efnis til 10. nóvember.

Umsjón: Kristjana H. Gestsdóttir, [frettabref@skeidgnup.is](mailto:frettabref@skeidgnup.is)

Ábyrgðarmaður: Gunnar Örn Marteinsson, oddviti

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin  
mánudaga-fimmtudaga kl. 9–12 og 13–15.

Sími 486-6014 Fax 486-6091

Sími í Áhaldahúsi 893-4426 (Ari) Veffang: [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is)

Flúða Taxi



Sími 893 1462

**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í**  
**ÁRNESSÝSLU.**

**Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3**

**sími: 533 2211.**

**Mánudaga til föstudaga**

**kl. 13:00**

**Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.**

**Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.**

**Upplýsingar í síma:**

**856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán**



**Kæru sveitungar.**

**9. bekkur er að fara af stað með dósasöfnun til að fjármagna Danmerkurferðina næsta haust. Við verðum á ferðinni um næstu helgi og vonum að allir taki vel á móti okkur.**

**Bestu kveðjur.**

**9. bekkur Flúðaskóla.**



**05. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
miðvikudaginn 22. september 2010 í Árnesi kl.13:00.**

Mættir: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Helga Kolbeinsdóttir 1. varamaður Odds Guðna Bjarnasonar og Björgvin Skafti Bjarnason.

Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Framkvæmdir í Árnesi tengdar Þjórsárstofu. Mætt Sigríður arkitekt og Harpa frá Basalt, einnig Sigurbór frá Verkís.  
Farið yfir framkvæmdatilhögun.
2. Fundargerð Menningar, æskulýðs, velferðar- og jafnréttisnefndar  
1. fundur haldinn 25.08.2010.  
Fundargerð samþykkt.
3. Fundargerð Umhverfisnefndar 1. fundur haldinn 30.08.2010.  
Fundargerð samþykkt.
4. Fundargerð Atvinnu, fjarskipta- og samgöngunefndar 1. fundur haldinn 27.08.2010. - Fundargerð samþykkt.
5. Fundargerðir Afréttarnefndar 1. fundur haldinn 12.08.2010.  
Fundargerð samþykkt.
6. Fundargerðir Fræðslu- og æskulýðsnefndar Flúðaskóla 4. fundur haldinn 06.07.2010 og 5. fundur haldinn 25.08.2010.  
Fundargerðir staðfestar.
7. Staðfesting ráðherra vegna breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2004-2016 landnotkunarbreytingar innan þéttbýlisins Brautarholts. - Lögð fram.
8. Staðfesting ráðherra vegna breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2004-2016 svæði fyrir frístundabyggð í landi Álfsstaða.  
Lögð fram.
9. Fundargerðir félagsmálanefndar 127. fundur haldinn 24.08.2010 og 128. fundur haldinn 01.09.2010. - Fundargerðir staðfestar.
10. Fundargerð stjórnar SASS, 436. fundur haldinn 12.09.2010.  
Fundargerð staðfest.

11. Fundargerð fulltrúaráðs Brunavarna Árnessýslu 85. fundur haldinn 14.07.2010. - Fundargerð staðfest.
12. Fundargerð fulltrúaráðs Brunavarna Árnessýslu 86. fundur haldinn 13.09.2010. - Fundargerð staðfest.
13. Matvælastofnun: Ákvörðun og reglur um samræmingu á smalamennskum og slátrun fjár sem smithætta kann að stafa af. Lagt fram.
14. Ósk um framlengingu á leigusamningi undir smábýlið Leiti.  
Samþykkt að framlengja leigusamningi í samræmi við núverandi leiguskil-mála sveitarfélagsins.
15. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Flóahrepps gegn íslenska ríkinu vegna synjunar staðfestingar hluta aðalskipulags sveitarfélagsins og áhrif dómsins í sambærilegu máli í Skeiða-og Gnúpverjahreppi.  
Oddviti leggur til að bréf verði sent umhverfissráðherra á grundvelli minnispunkta frá lögmanni sveitarfélagsins.  
Jón, Harpa Dís og Skafti samþykk.  
Bókun frá Helgu Kolbeinsdóttur sem telur eðlilegra að vísa málinu til næsta fundar.
16. Kostnaðaráætlun vegna kvikmyndar um Þjórárdalinn.  
Gert ráð fyrir að hámarki 1.5 milljón kr. í verkið. Skipt til helminga þ.e. 750 þúsund á þessu ári og jafnmiklu næsta ár og vísað til endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar.
17. Mál frá síðasta fundi frá tveimur háskólanemum um að sveitarfélagið veiti þeim styrk til kaupa á strætókorti þannig að þeir standi jafnfætis þeim nemum sem hafa lögheimili á höfuðborgarsvæðinu.  
Málið rætt en ákveðið að afla frekari gagna og skilgreina reglur nánar.
18. Rætt um ráðningu hundafangara í samvinnu við Flóahrepp.  
Oddvita falið að undirbúa málið og leggja fyrir sveitarstjórn.

### **Mál til kynningar**

- A. Ályktun velferðarvaktarinnar í upphafi skólastarfs.
  - B. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga fundur haldinn 26.08.2010.
- Fleira ekki. — Fundi slitið kl. 16:00.

# Á döfínni hjá félagsmiðstöðinni Zero

## Félagsvist

Félagsvistin heldur áfram á mánudagskvöldum kl. 20 út októbermánuð. Þátttökugjaldið er 200 kr. og kaffiveitingar er til sölu í hléi til söfnunar í ferðasjóð. Verðlaun fyrir hvert kvöld fyrir sig og glæsileg verðlaun fyrir samanlagða stiga-keppni J

- 11. október - Félagsheimilinu Árnesi
- 18. október – Félagsheimili Hrunamanna
- 25. október – Félagsheimilinu Árnesi

## Youth-námskeið

Langar þig að ferðast og vinna skapandi vinnu í Evrópu?

Langar þig að fá eða senda hóp í samvinnuverkefni hvar sem er frá eða til Evrópu?

Ertu með hugmynd sem þig dreymir um að koma í framkvæmd?

*Félagsmiðstöðin býður upp á námskeið dagana 12.-13. nóvember þar sem **Youth in Action**, styrkjaáætlun Evrópusambandsins í æskulýðsmálum verður kynnt og gefnar leiðbeiningar vegna umsókna um styrki. Einnig verður farið í verkefnastjórnun og hvernig má gera hugmyndir að veruleika.*

**Youth in Action** styrkir ungmennaskipti (ferðalög), sjálfbóðaliðaverkefni (hægt að senda og hýsa) og frumkvöðlaverkefni (staðbundin verkefni).

Styrkirnir geta numið allt að nokkrum milljónum.

**Ekkert kostar inn á námskeiðið og veitingar verða að sjálfsöðgu í boði.**

**Skráningar fara fram á skrifstofu Zero, símanr. 483-1836 / 774-0015, netfang: [zero@fludir.is](mailto:zero@fludir.is)**

*Námskeiðið er sniðið að ungu fólki og þeim sem vinna með unglingum og ungmennum. Ef við náum þátttöku 25 manns á aldrinum 12-25 ára mun félagsmiðstöðin fá veglegan styrk frá landsskrifstofunni á Íslandi, svo við vonumst eftir góðri þátttöku og hvetjum alla að koma og kynna sér tækifærin sem finnast í **Youth** áætluninni.*

**Staðsetning:** Félagsheimili Hrunamanna

**Tímasetningar:**

Föstudagur 12.nóvember kl. 14:00 – 18:00

Laugardagur 13. nóvember kl. 11:00 – 18:00

Nánari upplýsingar sendar skráðum þátttakendum!!!





# Söngkeppni Zero

**Söngkeppni** félagsmiðstöðvarinnar fer fram **5. nóvember** í félagsheimilinu **Árnesi** og hefst **kl. 19:00**. Það kostar litlar **500 kr.** inn á keppnina svo það er um að gera fyrir alla sveitunga að koma og fylgjast með unglíngunum spreya sig!

**Sigurvegari kvöldsins** keppir fyrir hönd Zero í **Suðurlandsríðli í Söngkeppni Samfés** en hún fer fram á **Hvolsvelli** í lok mánaðarins.

*Eftir keppnina verður haldið **ball** en á því er **13 ára** aldurstakmark.*

## Danssmiðja Samfés

Nú er komið að því að Zero taki að sér sinn fyrsta Samfés viðburð en dagana 22.-24. október fer danssmiðja Samfés og Zero fram á Flúðum.

50 unglíngum stendur til boða að koma og æfa saman Hiphop, waacking, dancehall og fleiri dansstíla. Smíðjugjaldið er aðeins 5.000 kr en innifalið í því er gisting, leiðbeinendur, 6 máltíðir og fleira. Skráningar og upplýsingar á skrifstofu Zero, einnig hægt að sjá meira um danssmiðjuna á [www.samfes.is](http://www.samfes.is).

## Erlent samstarf

Við leitum að áhugasömum einstaklingum í tvö verkefni, í báðum byrjum við á að taka á móti hópum frá Evrópulöndum 2011 og síðan heimsækjum við gestina 2011 og 2012.

## Atvinnutækifæri ungs fólks (15-18 ára)

10 manna hópar frá Bretlandi og Eistlandi koma til okkar í lok mars 2011 og leitum við að 8 einstaklingum á aldrinum 15-18 ára til að taka þátt fyrir okkar hönd. Þemað snýst um að skoða tækifæri ungs fólks til nýsköpunar í heimabyggð. Þeir sem taka þátt í verkefninu á Íslandi öðlast rétt á a.m.k. 70% styrk fyrir flugmiðum á framhaldsverkefni í Eistlandi og Bretlandi.

Það er uppbyggandi skemmtun að taka þátt í verkefnum sem þessu en þó það sé verið að ræða mikilvæg málefni er oft meiri sumarbuðarandi í kringum þetta og mikil skemmtun. Félagsmiðstöðin getur aðstoðað þá sem þurfa á fríi úr skóla að halda en verkefnið er vottað af ESB sem óformleg menntun og fá þátttakendur YouthPass skírteini í lok verkefnisins.

## Dýr og tómstundir (12-15 ára)

Við erum að undirbúa verkefni með félagsmiðstöð í Helsinki í Finnlandi þar sem 15 stelpur frá þeim koma og heimsækja Zero 22. júní til 1. júlí næsta sumar. Þeir sem myndu taka virkan þátt í verkefninu fyrir hönd Zero fengju a.m.k. 70% styrk fyrir flugmiða þegar 15 unglíngar myndu fara frá okkur 2012 að heimsækja Helsinki.

Við leitum nú að 15 einstaklingum sem verða á aldrinum 12-15 ára árinu 2011 til að taka þátt en þeir verða að geta tekið virkan þátt í ungmennskíptunum (22.6-1.7. 2011).

Skráning í bæði verkefni hjá Hjalta í síma 774-0015 / 483-1836 eða á netfangið [hjalti@fludir.is](mailto:hjalti@fludir.is)

***Youth in Action borgar allt fæði og upphald fyrir verkefni, bæði heima og erlendis!***

Ekki hika við að hafa samband og fá nánari upplýsingar ☺

Minni á heimasíðuna [zero.fludir.is](http://zero.fludir.is) en hún fer brátt að vera fullbúinn. Þar er hægt að nálgast dagskrá hvers mánaðar, áætlun frístundastrætóa og ítarlegri upplýsingar fyrir líðandi viku. Einnig mun brátt vera þar mikið efni um starfið, myndir, fræðsluefni og ýmislegt fleira!

**Haustrkveðjur,**

**Félagsmiðstöðin Zero**

**Hjalti Sigurðsson, forstöðumaður.**



# Fótboltaæfingar öll þriðjudagskvöld kl. 20:00 á sparkvellinum í Árnesi.



Fyrir oldboys & girls ☺ ☺

Æfingarnar eru á vegum  
UMFG og UMFS



## **Krakkar!**

### **Munið frjálssíþróttæfingarnar í Brautarholti á mánudögum!**

5.-7. bekkur kl. 15-16 og 8.-10. bekkur kl. 16-17

Kostnaður er kr. 3.000 fram að áramótum.

Þjálfari er Rúnar Hjálmarsson.

**umfSkeið og umfGnúp**



## **Myndasýning 10. bekkjar í Flúðaskóla – Danmerkurferð 2010 Allir velkomnir!**

10. bekkur í Flúðaskóla fór til Danmerkur nú í upphafi skólaárs eins og undanfarin ár. Við heimsóttum Grantofteskolen í Ballerup og skoðuðum ýmsa áhugaverða staði í Kaupmannahöfn. Um leið og við þökkum kærlega fyrir allan stuðning og hjálp sem samfélagið hefur veitt okkur, langar okkur til að leyfa öllum að sjá hvað við vorum að gera og vonum að sem flestir sjái sér fært að mæta á myndasýningu hjá okkur sem verður í Félagsheimili Hrunamanna fimmtudaginn 14. október **kl. 20.00.**

**Allir velkomnir** og þá sérstaklega þeir sem hafa styrkt okkur til fararinnar.

Ömmur, afar, systkini, mamma, pabbi, frænkur, frændur og vinir!

Látið sjá ykkur.

**Hlökkum til að sjá ykkur sem flest kl. 20:00,  
fimmtudaginn 14. október í Félagsheimili Hrunamanna.**

**Kveðja,**

**10. bekkur í Flúðaskóla.**

**Lestrarfélag  
Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
Bókahúsinu—Brautarholti**

Mánudaga kl. 16—18

Miðvikudaga kl. 16—18

Fimmtudaga kl. 20—22

**Gömlu bækurnar gefins!**

Ákveðið hefur verið að gefa það sem eftir er af þeim umfram  
bókum og ekki á að skrá til útleigu í safninu.

Kíkið á þær og takið með ykkur heim.

Barna og fullorðinsbækur.

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5505

Með kveðju, Þorbjörg.



**Viola Snyrtistofa á Flúðum**

**Högnastíg 1**

**Eftirfarandi meðferðir eru í boði:**

Andlitsböð  
Húðhreinsun  
Litun og pökkun  
Handsnyrting  
Fótsnyrting  
Förðun  
Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dómur og  
herra frá **GUINOT** og förðunarvörur frá  
**NO NAME**  
Tímarpantanir í síma 566-8342 og 856-1599

**Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300**

**Sími í neyðartilvikum 892- 8804**

# Pistill frá Oddvita

## **Hitt og þetta.**

Hún Kristjana sagði mér að ég hefði eina blaðsíðu til að skrifa á núna, annað pláss í Fréttabréfinu væri frátekið. Mér fannst það lítið þá, en nú verð ég sennilega í hinu mesta basli með að tjasla einhverju saman á þessa einu síðu.

## **Framkvæmdir við Þjósárstofu**

Búið er að klára hönnun við þann áfanga Þjósárstofu sem taka á í notkun næsta sumar. Verktökum sem starfa innan sveitar verður gefinn kostur á að gera tilboð í vinnuna við breytinguna og er það í samræmi við stefnu sveitarstjórnar að láta innansveitarfólk ganga fyrir þeirri vinnu sem til fellur hjá sveitarfélaginu, svo fremri sem fólk er tilbúið að vinna hlutina á eðlilegum verðum.

## **Skipulagsmál**

Sveitarstjórn fór fram á það við Umhverfissráðherra í framhaldi af dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Flóahrepps á hendur ráðherra vegna synjunar hennar á að staðfesta skipulag sveitarfélagsins að hún staðfesti skipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna Hvamms-og Holtavirkjunar. Nú hefur Umhverfissráðherra áfrýjað málinu til Hæstaréttar þannig að smá bið getur orðið á því að endanleg niðurstaða fáiast. Sveitarstjórn hefur ekki ennþá ákveðið hvort farið verður af stað aftur í skipulagsferlið á nýjan leik en það mun skýrast á næstu mánuðum. Umhverfissráðherra ásamt ráðuneytastjóra og starfsmönnum Umhverfisstofnunar mættu á fund í Árnes vegna áforma um að stækka friðlandið í Þjósárverum, þar lýsti ráðherra því yfir að ekki yrði gengið gegn vilja sveitarfélagana í þeim efnum, hvort það verður raunin eða ekki á eftir að koma í ljós. Ég er á þeirri skoðun ásamt meirihluta sveitarstjórnar að eðlilegt sé að klára vinnu við rammaáætlun áður en ákveðið verður endanlega hvort áhrifasvæði væntanlegs Norðlingaöldulóns verður innan eða utan friðlandsmarka. Það eru allir sammála um að friða öll Þjósárverin spurningin er bara sú hversu sunnarlega friðlandsmörkin eiga að vera.

## **Strætómiðar**

Sveitarstjórn ákvað á síðasta fundi sínum að taka þátt í kostnaði framhaldsskóla- nema úr Skeiða-og Gnúpverjahreppi sem dvelja á höfuðborgarsvæðinu við kaup á strætókortum, þetta er gert til að nemar úr okkar sveitarfélagi standi jafnfætis nemum af höfuðborgarsvæðinu þegar kemur að kaupum á strætókortum. Reglur um þátttöku sveitarfélagsins í þessum málaflokki er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins og einnig hér í Fréttabréfinu. Með kveðju.

Oddviti.

## Frá leikskólanum

Í síðustu viku fóru 3 stúlkur í gönguferð með kennaranum sínum og uppgötvuðu svolítið alveg hræðilegt. Það var nefnilega búið að brjóta einn glugga á sundlauginni. Þær vissu að það yrði að láta einhvern vita og það fyrsta sem þeim datt í hug var forsetinn - en eftir smá umræður við kennarann var víst kannski gagnlegra að láta oddvitann vita.

Þær skunduðu inn á skrifstofu til mín og báðu um netfangið svo þær gætu sent Gunnari póst sem þær og gerðu:

Hér er bréfið birt með leyfi foreldra þeirra.

Kæri oddviti

Við fórum í göngutúr í dag með Möttu að veiða orð sem er skemmtilegur leikur. Við sáum svolítið ljótt þegar við vorum á bak við sundlaug. Einhver hefur skemmt glugga með steinum, það þótti okkur ljótt að sjá. Við viljum ekki láta skemma glugga og annað af því það má ekki og getur verið hættulegt fyrir okkur og önnur börn. Viltu vera svo vænn og biðja einhvern um að laga þetta. Þú getur séð á myndunum hvað þetta er hræðilegt.

Bestu kveðjur

Anna Lovísa 5 ára

Rebekka 5 ára

Bryndís 4 ára.

(Stúlkurnar sendu  
ýtarlegar myndir máli  
sínu til stuðnings og ein  
er birt hér.)



Anna Lovísa, Rebekka og Bryndís.

Leikskólinn fékk nýlega skemmtilega sendingu - en hún Helga í Skeiðháholti kom færandi hendi með stútfullan poka af stórum og safaríkum gulrótum. Við í leikskólanum þökkum henni kærlega fyrir! Með kærri kveðju.

Vilborg María, leikskólastjóri.

## Frá Þjósárskóla

### Jól í skókassa!

Alþjóðlegt samfélagsverkefni skólans er að útbúa jólagjafir fyrir bágstödd börn. Þetta er verkefnið „jól í skókassa“ á vegum KFUM & K sem afhendir gjafirnar. Í verkefnið þurfum við skókassa svo ef einhver á þá til heima þá þiggur skólinn þá í verkefnið. Miðað er við að í hverri gjöf sé fatnaður, leikfang, skóladót, hreinlætisvörur, tannbursti og tannkrem. Það sem má ekki fara í jólakassann er spilastokkur, stríðsleikföng og vökvi. Hver nemandi útbýr kassa til að gefa. Ef einhver er aflögufær um hluti sem gætu hentað í verkefnið þá endilega látið vita í síma 486-6051 eða á netfagnið skolastjori@skeidgnup.is Kveðja, Ingibjörg María.



# Vetraropnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Skeiðalaug s: 486 5500

- Neslaug s: 486 6117

|              | <u>Skeiðalaug</u> | <u>Neslaug</u> |
|--------------|-------------------|----------------|
| Mánudaga:    | lokað             | 17 – 21        |
| Þriðjudaga:  | 17 – 21           | lokað          |
| Miðvikudaga: | lokað             | 17 – 21        |
| Fimmtudaga:  | 17 – 21           | lokað          |
| Föstudaga:   | lokað             | lokað          |
| Laugardaga:  | 13 – 17           | 13 – 17        |
| Sunnudaga:   | lokað             | lokað          |

**Allir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fá frítt í sund!**

**Sundgleraugu og fleiri vörur tengdar sundi eru seldar í sundlaugunum. - Höfum það gott í sundi.**

**Sundlaugarverðir!**



## *Menn og Málefni!*

Rektor Listaháskóla Íslands réð Steinvör Kára Kárasen frá Háholti hér í sveit í stöðu prófessors í arkitektúr við Listaháskólann frá og með 1. ágúst s.l.



Með ráðningu Steinþórs Kára er í fyrsta sinn ráðið í stöðu prófessors í arkitektúr á Íslandi. Þetta eru því nokkur tímabót, ekki bara fyrir skólann heldur ekki síður fyrir þróun arkitektúrs í landinu, eins og segir í fréttatilkyngningu.

Við óskum Steinþóri Kára innilega til hamingju með stöðuna og vonum að hann njóti gæfu og góðs gengis við nýjar áskoranir.

## **Pakkir og áskorun.**

Einn indælan sunnudag fyrripart sumars varð ég þeirri gæfu aðnjótandi að fara með móður minni á tónleika í Skálholtskirkju. Listamennirnir voru sveitungar sem saman skipa kirkjukórana í okkar frábæru sveit.

Upplifunin á þessum tónleikum var svo mögnuð að ég get ennþá fengið gæsahúð við tilhugsunina.

Parna var samankomin hópur fólks með þvílíka sönghæfileika og þá gjöf að skemmta sér og öðrum.

Ég kann þeim ómældar þakkir fyrir þessa frábæru síðdegisstund.

Ég gæfi mikið fyrir að geta farið aftur á þessa tónleika, en það er ekki hægt að fara aftur í tímann. En þá er um að gera að hugsa fram í tímann.

Eftir því sem maður eldist þá virðist tíminn flýta sér meira, einn ónefndur Skeiðamaður (Gummi á Reykhól) minntist á það nú í réttunum að ég þyrfti að drífa mig að ná mér í eiginmannsefni, línunum á andlitinu á mér hafði fjölgað svo síðan síðast ☺.

Það hlýtur að gefa mér réttindi til að segja að senn líður að jólum.

Eitt af því yndislega sem þeim fylgir eru tónleikar, ekkert er betra en að fara með ástvinum á tónleika á aðventunni. Fram að jólum ætla ég því að liggja á bæn um að ég komist á jólatónleika með kirkjukórum Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Skálholtskirkju.

Einhvern veginn verða þau að fjármagna tímana í hljóðverinu...(blikk blikk).

Lilja Jóhannesdóttir - Sléttabóli.

[www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is)

### **Blakæfingar!**

**Hafið þið áhuga?**

**Endilega hafa  
samband við**

**Lilju Lofts. 847-8162  
eða Svölu Bjarna.  
869-6692.**

### **Einhver gleymdi úlpunni sinni í sumar!**

Úlpan sem gæti verið af MADDOX gerð og af "Medium" stærð hékk á snaga inn í Kletti á Flóamannafrétti, þann 17. júlí s.l.

Hún fékk far með góðu fólki til byggða og eigandinn getur vitjað hennar að **Vesturbrún 8, 845 Flúðum**. Í vasa hennar eru hlutir sem eigandi ætti að kannast við og sakna.

Helgi Jóhannesson  
**S. 898-0913**

# Afsláttur v/fjallskila 2010

**Í 10 gr. Fjallskilareglugerðar, lið d. segir m. a.:**

„Ef hreppsnefnd telur sannað að sauðfjáreigandi reki ekki fé sitt á afrétt, má hún undanþiggja fé hans fjallskilum allt að 1/3 á fjallskilaskyldan búpening. Bundið skal það þeim skilyrðum að féð valdi ekki öðrum jarðeigendum tjóni.“  
Þeir sem telja sig uppfylla þessi skilyrði reglugerðarinnar geta sótt um afslátt hjá sveitarfélaginu og ber að skila skriflegum umsóknum inn á skrifstofuna í Árnesi fyrir 15. október 2010. Það er því um að gera að ganga frá þessu.

**Oddviti**



## **Flúðaleið ehf**

*Verktaki fyrir Eimskip og Samskip*

Brottför frá Flúðum alla virka daga: **7:00 -9:00**

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl **12:00** frá Landflutningum og Kl **13:00** frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: **14:00**

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl **8:00-17:00** alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:


892-2370 - Pálmar

892-2371 - Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja og Hrunamannahreppur

# Á bak við eldavélina!

## AUSTURLENSKAR NÚÐLUR



Takk fyrir áskorunina Birgir.

Þetta olli mér talsverðum heilabrotum þangað til síðastliðinn sunnudag, en þá var vaðið í málið og það klárað í hvelli með 4 puttum á lyklaborðinu.

Það sem mig langar til að gefa ykkur að smakka á er eftirfarandi:  
500 gr svínabynnur

Paprika

Laukur / rauður og venjulegur (má vera fleira grænmeti fer eftir smekk)

**Sósur:**

Plómusósa, Ho sin sósa og Sweet Chili

Kjötið er steikt upp úr **íslensku** smjöri og kryddað með sósunum og það þarf að smakka þetta vel til svo ekki verði þetta of sterkt.

Grænmetið er gróf skorið og létt steikt líka upp úr **íslensku** smjöri.

Þegar búið er að steikja er öllu blandað saman.

Með þessu eru svo borin fram annaðhvort núðlur soðnar eða hrísgrjón einnig er nauðsynlegt að hafa með þessu smábrauð helst hvítlauks. Þetta er ekta góður og fljótlegur réttur.

Takk fyrir mig og skora ég á hana Guðbjörgu Kolbeinsdóttur í Hamarsholti vinnufélaga minn að koma með góða uppskrift í næsta fréttabréf.

Með matarkveðju  
Guðni á Brúnum.



**16. október**



# Kötlumót 2010

## **DAGSKRÁ:**

Kl. 10:30

**- Samæfing allra aðildarkóra í Límtréshöllinni -**  
Stórsveit Suðurlands leikur undir

Kl. 12:00

**- Hádegisverðarhlé -**  
Aðalfundur Kötlu (á Hótel Flúðum)

Kl. 13:30

**- Setning í Límtréshöllinni -**

**Ávarp**

*Valdimar Bragason, formaður Kötlu, setur mótið.*

**Ávarp**

*Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður Karla-kórs Hreppamanna*

**Kötlukórinn**

Stjómandi: Edit Molnár

Hver á sér fegra föðurland,

*Emil Thoroddsen / Hulda.*

**Ávarp**

*Eyþór Eðvarðsson, formaður norræna söngsambandsins*

**Ávarp**

*Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson*

**Kötlukórinn**

Stjómandi: Edit Molnár

Lofsöngur

*Sigurður Ágústsson / Matthías Jochumsson.*

Kl. 14:30

**- Söngur aðildarkóra Kötlu -**

*Fer fram á tveim stöðum, í Félagsheimilinu og Límtréshöllinni.*

Hver kór hefur 15 mín. til umræða.

Kl. 17:30

**- Samsöngur í Límtréshöllinni -**

**Gestaatriði:**

Karlakórinn Manifestum frá Helsinki

Stjórnandi: Markus Westerlund

***Kötlukórinn***

Stjórnandi: Árni Harðarson

Þú álfa vorrar yngsta land

*Sigfús Einarsson / Hannes Hafstein*

Ár vas alda.

*Íslenskt þjóðlag / Útsetning Þórarinn Jónsson*

***Kötlukórinn***

Stjórnandi: Friðrik S. Kristinsson

Sefur sól hjá Ægi

*Sigfús Einarsson / Sigurður Sigurðsson*

Brennið þið, vitar

*Páll Ísólffson / Davíð Stefánsson*

***Kötlukórinn***

Stjórnandi: Edit Molnár

Suðurnesjamenn

*Sigurður Ágústsson / Ólína Andrésdóttir*

Lofsöngur

Ó, guð vors lands

*Sveinbjörn Sveinbjörnsson / Matthías Jochumsson*

Kl. 19:30

**- Lokahóf í Íþróttahúsi -**

Kveðjuskál í boði gestgjafa

**Ávarp**

*Magnús H. Sigurðsson, formaður undirbúningsnefndar Kötlumóts*

Kl. 20:30

**- Hátíðarkvöldverður í Límtréshöllinni -**

Ávörp

Viðurkenningar

Stjórnarskipti



**06. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 05. október 2010 í Árnesi. kl.13:00.**

Mættir: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason.

Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi kom á fundinn og fór yfir skipulagsmál sveitarfélagsins, einnig kynnti hann forritið Granna og notkun þess fyrir sveitarstjórn.
2. Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar 27. fundur haldinn 23.09.10. Fundargerð staðfest.
3. Fundargerð skólanefndar leikskólamál 1. fundur haldinn 01.07.10. Fundargerð samþykkt.
4. Fundargerð skólanefndar grunnskólamál 2. fundur haldinn 10.08.10. Fundargerð samþykkt.
5. Fundargerð menningar, æskulýðs, velferðar- og jafnréttisnefndar 02. fundur haldinn 16.9.10.  
Sveitarstjórn samþykkir fundargerð með fyrirvara á lið þrjú sem þarf að rúmast innan fjárhagsáætlunar.
6. Fundargerðir afréttarnefndar Gnúpverjaafréttar haldnir 21.08.10 og 17.09.10. jafnframt lögð fram til samþykktar gjaldskrá fjallskila á Gnúpverjaafrétti 2010. - Fundargerð samþykkt.
7. Fundargerð Tónlistaskóla Árnesinga 153. fundur haldinn 10.09.10. Fundargerð lögð fram til kynningar.
8. Fundargerð stjórnar SASS 437. fundur haldinn 22.09.10. Fundargerð lögð fram.
9. Tillaga að reglum varðandi þátttökukostnað sveitarfélagsins á kaupum námsmanna á strætókortum.  
Sveitarstjórn samþykkir reglurnar og vísar til endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar.
10. Ósk um styrk frá Eygló Jósephsdóttur v/reksturs Myndlistaskóla upp sveita. - Erindið samþykkt og oddvita falið að ganga frá samningi.
11. Samanburður á magni undanfarin þrjú ár, sem til fellur á gámasvæðum sveitarfélagsins. - Lagt fram.

**12. Fundargerð starfshóps um sameiningarkosti sveitarfélaga á Suðurlandi**

2. fundur haldinn 21.09.10. Lögð fram.

**13. Farið yfir fjarskiptamál sveitarfélagsins.**

Fulltrúar Fjarska ehf mættu á fundinn og kynntu möguleika fyrir sveitarfélagið í fjarskiptamálum.

**Mál til kynningar**

- A.** Uppgjör jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna 2010.
  - B.** Fundargerð 41. aðalfundar SASS haldinn 13. og 14. september 2010.
  - C.** Yfirlit um verð skólamáltíða í nokkrum sveitarfélögum.
  - D.** Vinnuhópur um framtíðarskipan í félagsþjónustu Uppsveita Árnes-sýslu, Hveragerðisbæ og Sveitarfélaginu Ölfus.
- Fleiri ekki. - Fundi slitið kl. 17:00.

**Reglur varðandi þátttökukostnað sveitarfélagsins á kaupum námsmanna á strætókortum.**

**1. gr.**

Námsmenn sem skráðir eru til náms í framhaldsskóla eða háskóla á höfuðborgarsvæðinu og eru með lögheimili í Skeiða-og Gnúpverjahreppi eiga þess kost að fá styrk til kaupa á námsmannakorti allt að 15.500,- kr. sem veitir aðgang að almenningsvögnum Strætó bs. á gjaldsvæði 1. Framhaldsskólinn þarf að útskrifa nemendur til framhaldsnám á háskólastigi eða námið vera lánshæft hjá LÍN minnst 20 ECTS.

Námsmenn í símenntunarmiðstöðvum og framhalds- og listaskólum þar sem nemendur eru ekki lánshæfir hjá LÍN eiga ekki kost á námsmannakorti. Nemendur í fjarnámi eiga ekki kost á námsmannakorti. Nemendur í grunnskóla, sem taka námskeið eða námsgrein(ar) í framhaldsskóla, eiga ekki kost á námsmannakorti.

**2.gr.**


Verð á námsmannakorti sem gildir í strætó fyrir skólaárið 2010 – 2011 er 15.500,- . Styrkur til kaupa á námsmannakorti fyrir hvora önnur fyrir sig er kr. 7.750,-

Með umsókn þarf að fylgja frumrit kvittunar fyrir kaupum á námsmannakortinu, og staðfesting skóla um nám umsækjanda. Reglurnar gilda fyrir skólaárið 2010- 2011.

Samþykkt á 06. fundi sveitarstjórnar þann 05. október 2010

Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti.

Umsóknareyðublað á [www.skeidgnup.is/Eyðublöð](http://www.skeidgnup.is/Eyðublöð) og skrifstofunni.



# FJALLMANNAKVÖLD Á HESTAKRÁNNI

FJALLMANNAKVÖLD VERÐUR HALDIÐ Á HESTAKRÁNNI LAUGARDAGSKVÖLDIÐ  
**30. OKTÓBER OG HEFST KL. 20:30.**

Í BOÐI VERÐUR KJÖTSÚPA & LIFANDI MÚSÍK  
KR. 2.000.

SÖNGATRÍÐI, VERÐLAUNAAFHENDINGAR, RÍMNAKEPPNI, FJALLSÖGUR OG ÝMSAR  
FLEIRI SKEMMTILEGAR UPPÁKOMUR!

BÆNDUR ERU BEÐNIR UM AÐ LÁTA FJARSTADDA FJALLMENN SÍNA VITA.

HÚSIÐ VERÐUR OPIÐ ÖLLUM FRÁ KL 22.00 – AÐGANGSEYRIR 1.000 KR.  
ALDURSTAKMARK 18.ÁRA.

**HVETJUM ALLA ÁHUGASAMA UM ÍSLENSKU SAUÐKINDINA & ALVÖRU**  
**FJALLMENN AÐ MÆTA.**




FJALLMANNANEFNDIN

ATHUGIÐ!

VINSAMLEGAST LÁTIÐ VITA UM ÞÁTTTÖKU FJALLMANNA & FYLGIFISKA ÞEIRRA  
TIL NEFNDARINNAR:

ALLI S: 894-4062 - ÓLI S: 848-1617



# Hugum að hausti!



## Allt til sláturgerðar

Hnífar, stál, skurðarbretti, frystipokar, bjúgnalangar, net, salt, pækilsprautur, krókar, gervivambir, sláturgarn, bjúgnapressa, úrbeiningarhanskar, hamburgarapressa, o.fl.



## Fláningsborð

Vandað fláningsborð, galvanhúðuð grind með vatnsheldum krossviði

**Sendum með póstinum  
hvert á land sem er!**

## Allt fyrir rafgirðingarnar



Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600

**Fjós eru okkar fag**

**landstolpi.is**



Kæru foreldrar barna í Leikholti og Þjórsárskóla!  
Laugardaginn 23. okt. bjóða hreppurinn og foreldrafélög Leikhólts og Þjórsárskóla upp á námskeið fyrir foreldra, systkin og ömmur og afa.

Um er að ræða:

**Slysavarnir barna í sveitum  
og skyndihjálpi, sniðin að börnum.**

Gerður hefur verið mjög góður rómur að þessu námskeiði og ætti enginn sem á þess kost að láta það framhjá sér fara.

Staður og stund: **Hótel Hekla, laugardagur, 23. okt. kl. 10 - 14.30**

**Boðið er upp á súpu og brauð að  
hætti kokksins í hádegishléi (ókeypis)**

Ömmur, afar og systkin 14 ára og eldri  
einnig velkomin.



Allir þátttakendur fá viðurkenningu að loknu námskeiði og það gildir sem ein eining til stúdentsprófs. Námsgögn og verklegar æfingar.  
**Kennari er Herdís Storgaard.**

**ATH að allt þetta er þátttakendum að kostnaðarlausu.**

**Vonandi munum við öll geta nýtt okkur þetta tækifæri til að auka öryggi barnanna.**



**Koma svo, fjölmennum :o)  
Bestu kveðjur,  
Stjórnirnar.**

**Vinsamlegast skráið þátttöku fyrir þriðjudaginn 19. okt.**

Radda: 891-7782 / [raddaeggerts@visir.is](mailto:raddaeggerts@visir.is)

Jóhanna Valgeirs: 692-0877 / [joagusti@uppsveitir.is](mailto:joagusti@uppsveitir.is)